

Fimmtudaginn 7. maí 1998.

Nr. 448/1997.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristjóni Kormáki Guðjónssyni

(Atli Gíslason hrl.)

Fjársvik. Umboðssvik. Tékkar. Skilorð. Ákæra.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun með stefnu 28. október 1997. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að héraðsdómur verði staðfestur.

Ákærði krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi eða hinn áfrýjaði dómur ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að taka það til löglegrar meðferðar. Til vara krefst ákærði þess, að sér verði gerð vægasta refsing, sem lög leyfi, og fullnustu hennar frestað skilorðsbundið.

I.

Með ákæru í málinu, sem lögreglustjórinn í Reykjavík gaf út 19. ágúst 1997, er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa notað í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík árið 1996 54 tékka, samtals að fjárhæð 461.669 krónur, sem hann hafi gefið út á tékkareikning sinn nr. 9275 við Íslandsbanka hf., án þess að innstæða væri fyrir þeim. Nánar tiltekið er ákærða gefið að sök í 1. lið ákæru að hafa brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með notkun 43 tékka, að fjárhæð alls 214.669 krónur, á tímabilinu frá 4. október til 29. nóvember 1996. Samkvæmt samningi hafi þessir tékkar verið á ábyrgð Íslandsbanka hf., „að því er varðar fjárhæðir tékka allt að 10.000 kr. við framvísun bankakorts reikningseiganda“, svo sem segir í niðurlagi þessa liðar ákæru. Í 2. lið ákæru er ákærði talinn hafa brotið gegn 248. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa selt í nóvember 1996 11 tékka, alla nema einn, í verslunum Hagkaupa hf. í Reykjavík, að fjárhæð samtals 247.000 krónur. Í ákæru voru jafnframt gerðar kröfur um bætur úr hendi ákærða, frá Íslandsbanka hf.

214.669 krónur, Hagkaupum hf. 193.000 krónur og Kaupfélagi Árnesinga 55.000 krónur, allt með vöxtum eins og þar greinir nánar. Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var bent á af hálfu ákærvalds, að rangt væri greint frá ýmsum atriðum í ákæru.

Í ákæru er ekki greint sjálfstætt frá hverjum af þeim 54 tékkum, sem málið varðar. Í málsgögnum fyrir Hæstarétti er hins vegar að finna tékkaskrár, sem gerðar voru við lögreglurannsókn. Í þeim er greint frá númeri einstakra tékka, dagsetningu þeirra og fjárhæð svo og, hverjir hafi tekið við þeim. Samanburður á þessum skráum við ákæru leiðir í ljós, að í henni sé mishermt, að ætluð brot hafi öll verið drýgð í Reykjavík árið 1996, enda verður ráðið af skránum, að sumir tékkanna hafi verið notaðir í viðskiptum annars staðar, og að minnsta kosti í einu tilviki hafi tékki verið gefinn út í janúar 1997. Heildarfjárhæð tékkanna samkvæmt skránum er jafnframt 1.000 krónum hærri en í ákæru greinir, 462.669 krónur, en síðastnefnd fjárhæð kemur heim og saman við samtölu fyrrgreindra bótakrafna samkvæmt ákæru. Í ákæru segir ekki skýrlega, hvað ráði þar skiptingu tékkanna í tvo liði og um leið heimfærslu ætlaðra brota til refsíákvæða. Af þeim ummælum, sem fram koma í niðurlagi 1. liðar ákæru og greint er frá hér að framan, verður þó ekki annað ályktað en allir tékkarnir, sem voru að fjárhæð 10.000 krónur eða lægri, hafi átt að falla undir þann lið, en tékkar hærri fjárhæðar undir 2. lið ákæru. Af tékkaskránum sést, að 45 tékkar voru innan þeirra marka, sem hér var getið varðandi 1. lið ákæru, og samanlögð fjárhæð þeirra 220.669 krónur, en ekki 43 tékkar fyrir 214.669 krónum, svo sem segir í ákæru. Hinn fyrsti af þessum tékkum var gefinn út 4. október 1996, eins og greinir í ákæru, en sjö þeirra voru gefnir út eftir 29. nóvember sama árs, sem samkvæmt henni markaði lok ætlaðs brotatímabils, tveir hinir síðustu 12. janúar 1997. Samkvæmt tékkaskránum voru 9 tékkar fyrir samtals 242.000 krónum hærri fjárhæðar en 10.000 krónur og hefðu því eftir framangreindu átt að falla undir 2. lið ákæru. Svo sem áður segir, voru hins vegar færðir undir þennan lið ákæru 11 tékkar og heildarfjárhæð þeirra sögð vera 247.000 krónur. Þá verður ráðið af tékkaskránum, að tékkarnir, sem hér um ræðir, hafi ekki allir verið gefnir út í nóvember 1996, svo sem hermt er í ákæru, heldur á það við um sex þeirra, en þrír voru út gefnir í desember sama árs.

Samkvæmt því, sem að framan greinir, er misræmi um allmörg atriði á milli ákæru og gagna málsins. Í flestum tilvikum má telja augljóst, að misritun hafi orðið í ákæru eða önnur mistök við undirbúning hennar. Í öðrum tilvikum kunna að vera skýringar á misræmi, en af hálfu ákæruvalds hafa þær ekki verið færðar fram. Um afleiðingarnar af þessu verður að líta til þess, að við nokkuð ýtarlega skýrslugjöf ákærða hjá lögreglu lágu fyrir áðurnefndar tékkaskrár ásamt tékkunum, sem þar eru taldir upp. Ákærði viðurkenndi þar í öllum atriðum háttsemi sína, svo sem hann gerði einnig fyrir héraðsdómi. Sum atriðin, sem mishermi er um í ákæru, varða aukaatriði brota, svo sem stað og stund þeirra. Mistök um þau hafa á engan hátt orðið til þess, að vörn ákærða hafi orðið áfátt, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Að því leyti, sem misræmis gætir um fjölda tékka og heildarfjárhæð, má telja, að sama máli gegni, enda verði það misræmi metið ákærða í hag. Að öllu þessu gættu er ekki næg ástæða til að verða við aðalkröfu ákærða um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en átelja verður ákærandan í héraði fyrir þau margháttuðu mistök, sem urðu við gerð ákæru.

II.

Af hálfu ákærða er röksemdum hans fyrir kröfu um ómerkingu héraðsdóms lýst svo, að við einu fyrirtöku málsins fyrir héraðsdómi 15. september 1997 hafi hann ekki fengið afhent gögn þess, og hafi aðeins meginefni þeirra verið kynnt honum munnlega. Hann hafi átt von á verjanda, en hann ekki verið sjáanlegur. Héraðsdómari hafi varla hlustað á það, sem ákærði hafi haft fram að færa. Hann hafi beðið um frest til að hugsa um málið og þá verið vísað úr dóm-sal. Hann hafi síðan verið kallaður aftur inn í salinn til að hlýða á dómsorð. Allt hafi þetta gerst á 25 mínútum. Endurrit dómsins hafi ekki fengist fyrr en 6. október 1997 eftir ítrekaða eftirgangsmuni. Ákærði telur ljóst af héraðsdómi, að leiðbeiningar við hann hafi verið í skötulíki og málsmeðferð almennt ófullnægjandi. Refsingin, sem honum hafi verið gerð, sýni glögg, að hann hafi haft ríka þörf fyrir verjanda. Málið hafi verið sótt af löglærðum fulltrúa ákæruvaldsins og jafnræðis því ekki gætt með aðilum. Í héraðsdómi sé ekki getið atriða, sem horfi ákærða til málsbóta, og virðist ekkert

hafa verið litið til þeirra við ákvörðun refsingar. Einnig skipti máli í þessu sambandi, að ákærði hafi aðeins verið 21 árs, hann hafi ekki vitað um eðli ákæru eða alvöru málsins og ekki fengið tíma eða aðstöðu til að undirbúa málsvörn og hafa samband við málsvara.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var ákærða birt fyrir kall í málinu 11. september 1997. Í vottorði um birtinguna kemur fram, að hann hafi til athugunar, hvort hann muni óska eftir skipun verjanda. Í endurriti úr þingbók frá dómþingi héraðsdóms 15. september 1997 segir meðal annars: „Ákærði kemur í dóminn kl. 10.55. Honum er kynnt ákæran, meginefni sakargagna og ákvæði 3. mgr. 32. gr. laga nr. 19/1991. Hann óskar ekki eftir skipun verjanda og gengst við sakargiftum. Hann viðurkennir bótaskyldu og fellst á að greiða höfuðstól bótakrafna, samþykkir, að málinu verði lokið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991, en ákærandi gefur kost á því. Ákærandi og ákærði tjá sig stuttlega um lagaatriði og ákvörðun viðurlaga.“ Segir í endurritinu, að málið hafi þessu næst verið lagt í dóm og dómtekið, en í beinu framhaldi kveðinn upp hinn áfrýjaði dómur og dómsorð lesið í heyrenda hljóði. Ákærði hafi þegar lýst yfir því, að hann myndi áfrýja dóminum, sem honum hafi svo verið leiðbeint um. Samkvæmt endurritinu ritaði ákærði undir þessa bókun og vék af dómþingi kl. 11.25.

Á þeim tíma, sem leið frá birtingu fyrir kalls, þar til málið var tekið fyrir á dómþingi, hafði ákærði ráðrúm til að leita lögfræðilegra ráða. Samkvæmt því, sem greinir hér að framan úr endurriti úr þingbók héraðsdóms, var meðferð málsins í samræmi við 2. mgr. 122. gr. og 125. gr. laga nr. 19/1991, en dómara var ekki skylt að skipa ákærða verjanda nema eftir ósk hans, sbr. 34. gr. og 2. mgr. 35. gr. sömu laga. Um þau atriði, sem fyrrgreind frásögn ákærða af atvikum á dómþingi er á annan veg en fram kemur í endurriti, hefur hann ekkert leitast við að færa sönnur fyrir staðhæfingum sínum. Héraðsdómur er í því formi, sem mælt er fyrir um í 135. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 5. gr. laga nr. 37/1994, og var uppkvaðning hans svo skömmu eftir dómtöku málsins sem raun ber vitni ekki andstæð 1. og 2. mgr. 133. gr. fyrrnefndu laganna. Með töfum á því, að endurrit dómsins yrði til reiðu, var brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 133. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1994. Það brot getur hins vegar ekki leitt til ómerkingar héraðsdóms. Að öllu þessu virtu verður ekki

fallist á, að ákærði hafi fært fram viðhlítandi rök fyrir kröfu sinni um ómerkingu hins áfrýjaða dóms.

III.

Svo sem fyrr greinir, gekkst ákærði við öllum sakargiftum fyrir héraðsdómi, og hefur hann ekki horfið frá því fyrir Hæstarétti. Verður ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakfellingu ákærða því staðfest.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var hann dæmdur samanlagt til að sæta fangelsi í níu mánuði með dómi 27. janúar 1995 svo og dómum 19. apríl, 19. maí og 24. júlí sama árs, þar sem refsing var ákveðin sem hegningarauki við fyrstnefnda dóminn. Dómar þessir voru vegna brota gegn 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 220. gr., 244. gr., 1. mgr. 257. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Honum var veitt 23. janúar 1996 reynslulausn í eitt ár á 135 daga eftirstöðvum þeirrar refsingar. Samkvæmt gögnum málsins kom ákærði fyrst fyrir lögreglu vegna rannsóknar á þessu máli 7. apríl 1997. Var þá liðinn reynslutíminn, sem hófst 23. janúar 1996, sbr. 41. gr. og 42. gr. almennra hegningarlaga, svo sem þeim var breytt með 2. gr. og 3. gr. laga nr. 16/1976, sbr. 60. gr. fyrstnefndu laganna með áorðnum breytingum. Önnur brot ákærða skipta ekki máli við ákvörðun refsingar nú.

Fyrir Hæstarétti hefur ákærði lagt fram gögn til staðfestingar því, að hann hafi greitt þá bótakröfu, sem Íslandsbanki hf. hefur gert á hendur honum í málinu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var jafnframt staðhæft, að ákærði hefði samið við Kaupfélag Árnesinga um greiðslu bótakröfu þeirra, svo og, að samnings væri að vænta innan skamms við Hagkaup hf. um kröfu þess, en um hvorugt væru tiltæk gögn. Þá hefur ákærði lagt fram vottorð um áfengismeðferð, sem hann gekkst undir, áður en hann hlaut fyrstnefnda reynslulausn 23. janúar 1996. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var greint frá fjölskylduadstæðum ákærða, atvinnu og öðrum breytingum á högum hans, frá því að reynslulausn var veitt, og hafa verið lögð fram gögn til nokkurs stuðnings þeirri frásögn. Af hálfu ákærða hefur jafnframt verið vísað til þess, að hann hafi gefið út tékkana, sem um ræðir í málinu, að þó nokkru leyti til að framfleyta sér og fjölskyldu sinni, eftir að hann missti at-

vinnu haustið 1996. Hann hafi staðið í þeirri trú, að þetta yrði til þess, að reikningsbankinn krefði hann um endurgreiðslu, en ekki gert sér grein fyrir því, að þessi háttsemi væri refsiverð.

Ákærði hefur allt frá byrjun gengist hreinskilnislega við brotum sínum í málinu. Við ákvörðun refsingar verður að líta til 1. mgr. 70. gr. og 1. mgr. 77. gr. almennra hegningarlaga svo og sakaferils ákærða. Að öllu því athuguðu, sem að framan greinir, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði. Rétt er að fresta fullnustu tveggja mánaða af refsivistinni, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og bætur verða óröskuð.

Ákærði verður dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómSORði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristjón Kormákur Guðjónsson, sæti fangelsi í 3 mánuði. Fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsingunni og þeir falla niður að liðnum 2 árum frá uppsögu þessa dóms, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og skaðabætur skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 40.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Atla Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. september 1997.

Ár 1997, mánudaginn 15. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Steingrími Gauti Kristjánssyni héraðsdómara, kveðinn upp svohljóðandi dómur í sakamálinu nr. 571/1997: Ákærvaldið gegn Kristjóni Kormáki Guðjónssyni, en málið var dómtekið í dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dags. 19. ágúst sl. og birtu 11. þ. m., á

hendur Kristjóni Kormáki Guðjónssyni, fæddum 4. febrúar 1976 (fæðingarnúmer 572), með lögheimili að Framnesvegi 56 a, en dvalarstað að Flétturíma 28, Reykjavík, fyrir tékkamisferli með því að nota í staðgreiðsluviðskiptum í Reykjavík árið 1996 54 tékka, samtals að fjárhæð 461.669 kr., sem hann gaf út á tékkareikning sinn nr. 9275 hjá Íslandsbanka, Lækjargötu 12, Reykjavík, án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkanna, sem voru ýmist með banka- eða tékkaábyrgð:

1.

Fyrir umboðssvik á tímabilinu 4. október – 29. nóvember 1996 í Reykjavík vegna notkunar 43 tékka, samtals að fjárhæð 214.669 kr., sem samkvæmt samningi voru á ábyrgð bankans, að því er varðar fjárhæðir tékka, allt að 10.000 kr., við framvísun bankakorts reikningseiganda.

Telst þetta varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2.

Fyrir tékkasvik í nóvember vegna sölu 11 tékka, allra nema eins í verslunum Hagkaupa hf., samtals að fjárhæð 247.000 kr.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Í málinu krefjast eftirgreindir skaðabóta:

Íslandsbanki hf., Lækjargötu 12, Reykjavík, 214.669 kr. ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 28. 10. 1996, en síðan dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga til greiðsludags,

Hagkaup hf., kt. 671280-0169, 193.000 kr. ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum til greiðsludags,

Kaupfélag Árnesinga, kt. 680169-5869, 55.000 kr. ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag, gekkst við sakargiftum og féllst á greiðslu höfuðstóls bótakrafna.

Dómurinn telur sannað með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem í ákæru greinir. Brot ákærða eru rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Ákærði gekkst undir lögreglustjórásátt í janúar 1994 fyrir umferðarlaga-brot og setti jafnframt sviptingu ökuréttar í einn mánuð. Ákærði var dæmdur 27. janúar 1995 í sex mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 220. gr., 244. gr. og 1. mgr. 259. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, og 19. apríl 1995 í 30 daga fangelsi, hegningarauka, fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 45. gr. umferðarlaga. Jafnframt var

ákærði sviptur ökurétti í einn mánuð. Ákærði var dæmdur fyrir eignaspjöll 19. maí 1995, en ekki gerð sérstök refsing. Hinn 24. júlí 1995 var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, hegningarauka, fyrir þjófnað, sem hann framdi í félagi við annan pilt um áramót 1994/1995. Honum var 23. janúar 1996 veitt reynslulausn í eitt ár á eftirstöðvum refsingar, 135 dögum, og loks hlaut hann 10.000 króna sekt, hegningarauka, fyrir umferðarlagabrot 31. janúar sl. Hann telst hafa staðist skilorð reynslulausnar vegna ákvæða 1. mgr. 59. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 60. gr. og 1. mgr. 42. gr. s. l., en brotin voru framin á skilorðstíma.

Refsing er ákvörðuð með hliðsjón af 1. mgr. 70. gr., einkum 1., 2., 5. tl., 71. gr., 77. gr., 78. gr. og 1. ml. 255. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til alls ofanritaðs þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði. Ekki þykir fært að skilorðsbinda refsivist.

Ákærði hefur valdið bótakrefjendum fjártjóni með refsiverðum verkum, og ber honum að bæta þeim tjón þeirra að fullu. Vaxtakröfur eru það óskýrar, að þær virðast ódómhæfar. Verður þeim því vísað frá dómi, en ákærði er dæmdur til að greiða kröfuhöfum, sem lýst er í kröfulið 1, 2 og 3, þá höfuðstólsfjárhæð, sem krafist er.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Guðjón Magnússon, fulltrúi lögreglustjóra, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristjón Kormákur Guðjónsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, greiði sakarkostnað og Íslandsbanka hf. 214.669 kr., Hagkaupum hf. 193.000 kr. og Kaupfélagi Árnesinga 55.000 kr.